

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2024

2024/EES/92/22

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1416 frá 13. mars 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum í niðurskiptanlegum skammtadeplum sem eru settir beint á ljósdíóðu-hálfleiðaraflögur ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 L 1416:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1416 frá 13. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1416, 21.5.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2024/1416, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/1416, 21.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2024/1416/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.